

ALÞJÓÐLEG AÐGERÐAVIKA STARFSMANNA **ALCOA**

Starfsmenn ALCOA víðsvegar um heiminn sameinast þessa vikuna í kröfu um réttlæti og sanngjarna málsmeðferð.

Verkalýðsfélög Alcoa starfsmanna víða um heim hafa stofnað með sér „Veraldartengsl hjá Alcoa“. Þetta tengslanet verkalýðsfélaga sem m.a. AFL Starfsgreinafélag og Rafiðnaðarsamband Íslands eiga aðild að, hefur ákveðið að helga þessa viku sem alþjóðaviku aðgerða hjá Alcoa starfsmönnum.

Félagsmenn verkalýðsfélaga hjá Alcoa verksmiðjum víða um heim taka þátt með einstaka aðgerðum t.d. með því að dreifa þessu bréfi og staðbundnum aðgerðum sem hæfa aðstæðum.

Með því að taka þátt í þessari aðgerðaviku eru starfsmenn Alcoa að krefjast:

- **SANNGJARNRA LAUNA.** Fjöldi verkalýðsfélaga er að hefja samningaviðræður við Alcoa á næstu vikum og mánuðum. Við krefjumst sanngjarnra launahækkana og annarra kjarabóta.
- **ÖRYGGI OG HEILBRIGÐI Á VINNUSTAD.** Alcoa verður alltaf og allsstaðar að halda öryggisstefnu fyrirtækisins og láta velferð starfsmanna vera í fyrsta sæti.
- **RÉTTISINS TIL AÐ SKIPULEGGJA VERKALÝÐSFÉLÖG OG TILHEYRA VERKALÝÐSFÉLAGI.** Alcoa verður að virða grundvallarmannrétti verkafólks til að skipuleggja verkalýðsfélög og virða samningsrétt þeirra félaga.

Ef Alcoa tekur ekki undir kröfur okkur – hafa verkalýðsfélög innan „Veraldartengsla hjá Alcoa“ einsett sér að vinna saman til að knýja fyrirtækið til að virða þessar kröfur.

Með því að vinna saman og sýna samstöðu getum við náð réttlæti og viðhaldið mannsæmandi lífskjörum fyrir starfsfólk Alcoa fyrirtækjanna.

**Unions
Sindicatos
Vakbonden**



**Syndicats
Verkalýðsfélög
Профсоюзы**

Network at Alcoa

Réseau à Alcoa / Veraldartengsl hjá Alcoa
Netwerk op Alcoa / Профсоюзная сеть Alcoa
Rede de Trabalhadores da Alcoa

